# Flug til Húsavíkur styrkt næstu tvo mánuði

**Flugfélagið Ernir flýgur 5 sinnum í viku**

Samkomulag hefur náðst á milli flugfélagsins Ernis og Vegagerðarinnar um að halda flugi áfram til Húsavíkur næstu tvo mánuðina. Flugfélagið Ernir mun fljúga fimm flug í viku út nóvember mánuð.

Þessi ákvörðun er tekin í ljósi eindreginna óska heimafólks á Húsavíkursvæðinu sem hafa komið í ljós síðustu daga og vikur eftir að Flugfélagið tilkynnti um að það hyggðist láta af þessari þjónustu.

Næstu vikur verða nýttar til að skoða málið ofan í kjölinn og meta hvort hægt verði að halda áfram flugi til Húsavíkur.

Að svo stöddu verða flogin fimm flug í viku en flogið verður eitt flug á sunnudögum, mánudögum og föstudögum og tvö flug á fimmtudögum.

Hægt er að sjá flugáætlunina og  bóka sig í flug á heimasíðu félagsins www.ernir.is“



**Vegagerðin**
G. Pétur
Matthíasson